

Áveitan

6. tbl. 5. árgangur. Júní 2011

Leikjanámskeið

Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka standa fyrir íþrótt- og leikjanámskeiði í sumar. Námskeiðið stendur yfir dagana 6.-10. og 14.-16.júní frá 13:00- 15:30, alls 8 skipti.

Kennt verður á íþróttasvæðinu við Þjórsárver og þjálfari verður Ólafur Guðmundsson íþróttافرæðingur. Námskeiðið er ætlað börnum á aldrinum 6-12 ára þ.e. þeim sem eru fædd á árunum 1999-2005. Verð á hvert barn er 3500, systkinaafsláttur er 3000 kr. á hvort/hvert barn.

Gott er að börnin taki með sér holla og góða hressingu á námskeiðið.

Við minnum foreldra á að tilvalið er að tala sig saman og skiptast á að keyra.

Skráningar berist í síðasta lagi á laugardag til fomanna félaganna en þeir eru:

Guðmunda, Vöku s 8469775 netfang gola_89_15@hotmail.com

Stefán, Samhygð s 867 6907 netfang stegeir@hotmail.com

Baldur Gauti, Baldri s 867 3538 netfang ballroq@hotmail.com

Með von um góða þátttöku nú eins og síðustu ár, allir krakkar velkomnir.

Ungmennafélögin



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Fjör í Flóa

Allir þeir aðilar, félagasamtök og einstaklingar, sem komu að undirbúningi Fjörs í Flóa fá hrós fyrir þeirra framlag til að gera hátíðina að veruleika.

Fjör í Flóa er löngu búið að festa sig í sessi sem menningar- og fjölskylduhátíð og er glæsileg kynning á sveitarfélaginu og frábært framtak. Til hamingju!

Sláttur fyrir eldri borgara og öryrkja

Vinnuskóli Flóahrepps mun bjóða upp á slátt við heimahús fyrir eldri borgara og öryrkja í sumar á tímabilinu 6. júní til 20. júlí.

Pantanir eru teknar niður í síma 480-4370 frá kl. 9:00 til 13:00 alla virka daga.

Upplýsingar um unglíngavinnu

Nú eiga allir unglíngar sem sóttu um starf hjá Vinnuskóla Flóahrepps að hafa fengið bréf í pósti þar sem fyrirkomulagi og vinnutíma er lýst.

Tveir flokkestjórar hafa verið ráðnir til starfa, þau Haukur Gíslason og Kolbrún Lilja Guðnadóttir. Þau hafa nú þegar hafið störf við undirbúning sumarvinnunnar.

Afréttarkort

Kort af afrétti milli Þjórsár og Hvítár er nú fánlegt á skrifstofu Flóahrepps. Kortið er selt á kostnaðarverði, 500 kr. pr/stk.

Vatnsmál

Til upplýsinga vegna nýrrar vatnsveitu í Flóahreppi.

Framkvæmdum vegna dæluhúsanna í Þingborg og á Neistastöðum er nú að fullu lokið og neðri hluti fyrrum Hraungerðishrepps fær vatn frá Árbæjarlindum. Vatnið fer að Þingborg eftir nýju aðveitulögninni og rennur þaðan eftir dreifikerfi sveitarfélagsins.

Svæðið sem um ræðir eru bæir við Flóaveg að Kjartansstöðum, allir bæir við Langholtsveg að Stóra Ármóti og bæir við Gaulverjabæjarveg að Bár. Þetta eru þeir bæir sem áður fengu vatn frá Neistastaðalindum.

Aðeins hefur orðið vart við grugg í vatninu í Langholtshverfi. Lögnin hefur verið skoluð út og Heilbrigðiseftirlitið tekið sýni úr vatninu til skoðunar. Niðurstöður verða birtar þegar þær liggja fyrir en ekki er reiknað með að hætta sé á ferðum vegna neyslu vatnsins heldur er fyrst og fremst um þrýstingsaukningu að ræða sem veldur þessu.

Ýmsar framkvæmdir tengdar vatnsveitunni eru á dagskrá á næstunni en þar má nefna

viðgerð vegar frá Neistastöðum að dæluhúsinu þar, lagning vegar að Ruddakrókslindinni, bygging lokahúss við Ruddakrókslind og uppsetning dælu við Ruddakrök sem ætlað er að auka þrýsting á vatnsrennsli að Hróarsholti.

Framkvæmdum við aðveitustofn vatnslagnar í Árvegi, Selfossi er nánast lokið og áætlað er að framkvæmdum við aðveitustofn frá miðlunargeymi við Ingólfsfjall að Ölfusárbrú verði lokið 17. júní n.k.

Á næstunni er fyrirhugað að bjóða út framkvæmdir vegna dælustöðvar við Ingólfsfjall og frekari vatnsöflun með fyrirvara um að framkvæmdaleyfi frá sveitarfélaginu Ölfusi fái st.

Ekki er hægt að segja nákvæmlega til um hvenær þeim framkvæmdum lýkur en vonir standa til að það verði næstkomandi haust.

Þar til framkvæmdum er að fullu lokið vegna aðveitunnar og vatnsöflunar er reiknað með að unnt verði að notast við næturrennsli frá Árborg ef kemur til þurrka og minnkun verður á vatnsmagni í lindum Flóahrepps. Rekstraröryggi vatnsveitunnar í Flóahreppi á því að hafa aukist verulega með þeim framkvæmdum sem nú þegar er lokið.

Grenjavinnsla 2011

Sveitarstjórn hefur samþykkt að ganga til samninga við Birgi Örn um grenjavinnslu eins og undanfarin ár.

Ef einhver hefur orðið var við ferðir lágfötu þá endilega látið hann vita í síma 891-8898.

Þjónustusamningur við Hestamannafélagið Sleipni

Sveitarstjórn hefur samþykkt að gera þjónustusamning við Hestamannafélagið Sleipni um samstarf í æskulýðsmálum.

Markmiðið með samningsgerð er m.a. að efla hestaþróttir fyrir börn og ungmenni í sveitarfélaginu og vinna gegn brottfalli ungmenna úr tómstunda- og félagsstarfi.

Flóahreppur styrkir hestamannafélagið um 200.000 kr. ásamt því að leggja til einn sumarstarfsmann í Reiðskóla Sleipnis.

Hestamannafélagið Sleipnir hefur hlotið gæðaviðurkenningu sem fyrirmyndarfélag innan ÍSÍ og skuldbindur sig til að starfa samkvæmt markmiðum og áherslum fyrirmyndafélaga.

Gjöf til félagsheimilisins Þingborgar

Stefán Guðmundsson í Túni færði félagsheimilinu Þingborg málverk að gjöf fyrir hönd systur sinnar, Unnar Guðmundsdóttur.

Málverkið er eftir Matthías Sigfússon og er af Þingvöllum. Ingibjörg húsvörður í Þingborg og Margrét sveitarstjóri tóku á móti gjöfinni fyrir hönd félagsheimilisins.

Gefanda eru færðar kærar þakkir fyrir gjöfina og Stefáni fyrir að koma með málverkið.

Frá Flóaskóla

Mikið var um að vera í skólanum í maímánuði. Fyrri hluta mánaðar var veður hlýtt og gott og mikið um útiveru. Síðan þreyttu nemendur próf og tóku kannanir. Nemendur í 6.-7. bekk fóru í skólalúðir að Reykjum í Hrutafirði og stóðu sig þar með mikilli þrýði. 8. bekkingar fóru í dagsferð á skátasvæðið við Ulfljótsvatn. Nemendur í 1.-5. bekk fóru í Veiðisafnið á Stokkseyri og komu við hjá Sóley í Tungu, kíktu á lömbin hennar og borðuðu nestið sitt. Við höfum farið í marga göngutúra, gróðursett og tínt rusl. Öskufall hafði lítils háttar áhrif á útiveruna og í nokkur skipti stytum við frímínútur og gönguferðir vegna ösku.

Skólaárið sem nú er að líða hefur um margt einkennst af miklu annríki, breytingum og vaxtaverkjum. Starfsfólk og nemendur hafa oftast en ekki þurft að taka til hendinni til að láta skólastarfið ganga upp við krefjandi aðstæður. Foreldrar tóku vel við sér og hér mætti röskur hópur foreldra í þríf í haust. Það var heilmikil vinna að koma skólastarfinu af stað í haust á réttum tíma en tókst með samstilltu átaki okkar allra. Ný viðbygging við skólann leysti úr brýnni húsnæðisþörf og er sérlega ánægjuleg viðbót við skólahúsnæðið. Áframhaldandi frágangsvinna mun einkenna sumarið og líkur til þess að skólahúsið verði endanlega tilbúið í haust. Það ber að virða það og þakka hvað allir þeir sem að skólastarfinu koma hafa nálgast ný verkefni af æðruleysi og metnaði og hafa verið tilbúnir til að láta allt ganga upp og hafa nám og líðan nemenda okkar alltaf að leiðarljósi. Það er einkennandi fyrir skólastarfið í Flóaskóla að starfsfólk og nemendur leggja hart að sér við vinnu og skólasamfélagið allt styður við starfið af miklum krafti. Rekstur grunnskóla og vinna við skólastarfið getur aldrei legið á herðum fárra aðila, það er verkefni allra sem að skólanum standa að hann gangi vel.

Undanfarnar vikur hafa foreldrar, nemendur og starfsfólk tekið þátt í viðhorfskönnunum sem ætlað er að mæla styrkleika og veikleika í skólastarfinu. Skólastjórnendur munu taka saman niðurstöður og nota við umbótaáætlanir á nýju skólaári. Það geta alltaf allir gert betur og með vel mótuð markmið að leiðarljósi getum við áfram stefnt fram á veginn.

Skráðir nemendur í skólann næsta skólaár eru um 90 og starfsfólki mun fjölga lítillaga og nýir starfsmenn koma í stað þeirra sem fara í tímabundin leyfi. Áfram verður unnið að Olweus áætlun gegn einelti og andfélagslegri hegðun og áhersla lögð á spennandi valgreinar í unglingsáætlun. Skólareglur og viðurlög við þeim þarf að móta á nýjum grunni í tengslum við breytta aldursdreifingu nemenda ásamt tengslum við Olweus og skólastefnu Flóahrepps sem er í mótnun.

Ég hvet foreldra til að stuðla að áframhaldandi lestraræfingu barna sinna í sumar og að gæta þess að nemendur sem styttra eru komnir í lestri missi ekki niður færni sína yfir sumartímann. Lestur getur farið fram hvar sem við erum stödd og gaman að gera leik úr lestrinum, t.d. að lesa kort á ferðalögum, matseðla á

veitingastöðum og vegaskilti þegar ferðast er. Auglýsingar og annað efni sem oft verður á vegi okkar geta líka talist skemmtilegar æfingar. Stærðfræðin leynist líka víða, við flokkun, vegamælingar, tímamælingar og fleira og við ættum öll að vera duglegri að nýta svona tækifæri í daglegum æfingum með krökkunum ☺.

Ég þakka öllum sem að skólastarfinu koma fyrir gott samstarf í vetur. Það er ósk mín að lesendur Áveitunnar eigi gott og gleðilegt sumar og að nemendur og starfsfólk mæti hress og úthvöld til leiks í haust.

Kristín Sigurðardóttir skólastjóri, kristin@floaskoli.is, gsm 663-5720.

17. júní í Þjórsárverri

Það er orðin gömul og góð hefð að halda upp á 17. júní í Þjórsárverri og í ár verður engin breyting þar á.

Kl 13:00 hefst íþróttakeppni krakka 13 ára og yngri. Keppt verður í 60m hlaupi, langstökki, kúluvarpi og 400m hlaupi. Þeir sem búa á félagssvæði Umf. Vöku keppa um farandgripi en að sjálfsgöðu geta allir krakkar verið með og keppt sem gestir. Allir fá viðurkenningu fyrir þátttökuna. Einnig verður andlitsmálun í boði fyrir börnin og hoppukastalinn verður á sínum stað.

Eftir keppnina halda kvenfélagskonur uppi stuðinu með því að stjórna leikjum en síðan stígur fjallkonan á stökk. Að lokum verður svo kaffi og meðlæti inni í Þjórsárverri fyrir alla. Munið að taka með ykkur bakkelsi á veisluborðið. Vonandi sjá sem flestir sér fært að mæta og skemmta sér saman á þjóðhátíðardaginn.

Ungmennafélagið Vaka
Kvenfélag Villingaholtshrepps

Stóðhestur

Sveinn Andri frá Reykjavík IS2008125226

F: Adam frá Ásmundarstöðum

M: Lokka frá Stóra-Dal

verður í girðingu hjá Sigmari í Jaðarkoti í sumar.

Uppl. í síma: 696 8653

Frá UMF Baldri

Grill og útreiðatúr í Einbúa

Umf. Baldur ætla að standa fyrir dagskrá í Einbúa sunnudaginn 5. júní frá kl 15:00 – 17:00. Ungmennafélagar ætla að sjá um leikjadagskrá og grilla pulsir í mannskapinn og er tilvalið fyrir fólk að fá sér útreiðatúr eða koma á öðrum farartækjum og eiga góðan dag saman á þessu fallega svæði félagsins. Öllum er velkomið að kíkja við.

Þeim sem ætla að mæta ríðandi er bent á að hittast á við Kjötmjölið um kl 14:00 og þaðan geta þeir sem vilja ríðið í einum hóp upp í Einbúa og síðan bætast þeir við sem eru ofar á Reykjaveginum eftir því sem ríðið verður fram hjá bæjunum.

Stjórnin

Hreinsunardagur í Einbúa

Árlegur hreinsunardagur í Einbúa verður haldinn þriðjudagskvöldið 14. júní n.k. Ætlun við að hittast klukkan 20:30 og eyða saman tíma í að fegra fallega svæðið okkar. Meðal þess sem stefnt er að gera er að mála kofa og leiktæki (ef veður leyfir), slá áhorfendapalla og annað sem til fellur á staðnum. Jafnvel verða grillaðar pylsur og farið í leiki að loknum skylduverkunum.

Á sama tíma verður í gangi fyrsta íþróttæfing sumarsins hjá krökkunum og er þetta því kjörið fyrir foreldra til að mæta með börnin, fylgjast með æfingunni og taka til hendinni í leiðinni.

Allar hjálpfúsar hendur eru þegnar á staðinn með þau verkfæri sem það telur að komi að notum s.s. sláttuvélar, sláttuorf, hrífur, skóflur eða annað sem gæti verið nýtsamlegt.

Stjórnin

Hæ hó..... Það er kominn 17. Júní

Umf. Baldur heldur upp á þjóðhátíðardaginn að vanda. Hátíðin verður haldin í Einbúa (nema veður verði leiðinlegt, þá verður dagskráin flutt inn) og hefst dagskráin kl. 14:00. Flutt verður hátíðarræða og fjallkonan kemur fram. Þreytt verður víðavangshlaup og viðurkenningar veittar fyrir það. Þá verða leikir og margt til gamans gert. Andlitsmálning verður fyrir börnin.

Að lokinni dagskrá verður kaffi og meðlæti. Allir eru velkomnir og fólk hvatt til að koma í Einbúa að fagna þjóðhátíðardeginum.

Skemmtinefnd Umf. Baldurs

Frjálsíþróttæfingar

Nú fara frjálsíþróttæfingarnar hjá Umf. Baldri í Einbúa að byrja. Æfingarnar verða á þriðjudagskvöldum í allt sumar og mun fyrsta æfingin hefjast 14. júní. Þær verða frá kl 20:30 – 22:00. Rúnar Hjálmarsson mun taka að sér þjálfunina fyrst í stað og verða allir krakkarnir saman á æfingum (5 ára og upp úr) en ef mætingin verður góð eins og við ætlum að vona munum við bæta við aðstoðarþjálfara. Það er gaman að fást við skemmtileg verkefni í góðum félagsskap á fallegum sumarkvöldum í Einbúa. Ýmis verkefni eru framundan í sumar, ýmis mót heima í héraði og að heiman s.s. Unglingalandsmót á Egilsstöðum um Verslunarmannahelgina. Svo má búast við að starfið verði kryddað með fleiri viðburðum.

Íþróttanefnd Umf. Baldurs

Vorfundur

Vorfundur Umf. Baldurs var haldinn 16. maí sl. Hópur ungmennafélaga kom saman og ræddi málefni félagsins vítt og breitt. Ýmsar hugmyndir komu fram sem stefnt er að framkvæma á næstunni t.d. á að reyna að endurtaka útilegu líkt og var í fyrrasumar í Einbúa. Einhverjum langaði í léttu fjallgöngu, verður það kannski reynt í sumar.

Næsta haust verður síðan jafnvel reynt að fara léttar ferðir t.d. í keilu eða á skauta. Annars verður starfið hefðbundið í sumar en íþróttæfingar verða í Einbúa, 1x til 2x í viku.

Göngutúrinn!!!

Í fyrri hluta júlí bjóðum við í Kvf. Gaulverjabæjarhrepps, konum í Kvf. Villingaholtshrepps í okkar árlega göngutúr. Að þessu sinni verður gengið frá Gerðum að Syðra Velli, um úthagann á milli bæjanna. Ef einhverjar vilja ögn léttari gönguleið er hægt að fara veginn. Við munum velja góðveðursdag í fyrri hluta júlí og láta vita með smá fyrirvara, einum til tveimur dögum kannski. Svo verður kaffi og með því á pallinum hjá Möggu á Velli á eftir⁷.

Stjórnin.

HSK mót í frjálsum í júní

Íþróttahátíð HSK 11-14 ára verður haldin samhliða héraðsleikum 10 ára og yngri í Þorlákshöfn 11. júní næstkomandi. Ungmennafélögin ætla að senda lið sem keppir undir sameiginlegum merkjum Þjótanda á bæði mótin og við hvetjum sem flesta til þess að mæta.

Hægt er að skrá sig hjá Tómasi í síma 8650526

Héraðsmót HSK fullorðinna verður svo 21.-22. júní á hinum nýja Selfossvelli og Tómas tekur einnig við skráningum á það mót. Það væri gaman að sem flestir kepptu á þessum mótum enda frábærar vallaraðstæður á báðum völlum.

Fjörið búið

Nú er FJÖRI Í FLÓA lokið þetta árið og getum við íbúar sveitafélagsins verið virkilega stolt af hátíðinni okkar sem tókst frábærlega. Gestir á viðburðum og opnum húsum um helgina teljast EKKI í tugum heldur í HUNDRUÐUM á hverjum stað.

Rekstrarstjórn og húsverðir félagsheimilanna, sem halda utan um hátíðina vilja þakka öllum gestum kærlega fyrir komuna og öllu því duglega fólki sem tók þátt og búið er að gefa vinnu sína og tíma svo þessi hátíð megi verða. Skrifid nú niður hugmyndir sem þið fáið og komið því til okkar. Þetta er hátíð okkar allra.

Kærleikskveðjur fyrir hönd rekstrarstjórnar,

Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir.

Vatnsholti 1a.

Úrslitin í ratleiknum á Fjöri í Flóa

Nú er búið að taka saman svörin úr ratleiknum á Fjöri í Flóa en sigurvegarinn er Guðrún Gísladóttir á Stóru- Reykjum. Hún var með öll svör rétt og var næst því að giska á réttan fjölda cheeriosa í krukunni við Flóaskóla. Hún giskaði á 135 en réttur fjöldi var 131. Við óskum henni til hamingju og haft verður samband við hana varðandi vinninginn en hann gaf veitingastaðurinn Rauða-Húsið á Eyrarbakka. Við færum þeim bestu þakkir fyrir og þökkum þeim sem tóku þátt fyrir þátttökuna.

Bowen

**Er með Bowenmeðferð heima í Vatnsholti 1 (bláa húsið)
Flóahrepp á þriðjudögum og fimmtudögum. Annar tími
eftir samkomulagi.**

Pantið tíma í síma 8999684/4863404

Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir (DIDDA)

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps

Gönguferð

Skemmtinefndin hefur ákveðið að fara í léttu gönguferð um Prastarskóg miðvikudaginn 15. júní. Endað verður í Prastarlundi þar sem við fáum okkur hressingu. Sameinumst í bíla við Mjólkurbúið kl. 18.00. Gott væri að vita um þátttöku (ekki nauðsynlegt) til ynnið til skemmtinefndar fyrir 14. júní.

Magga sími 482-1180/697-7212

Betzý sími 868-3116

Sigga sími 824-5598

Vorfundur

Vorfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldinn í Félagsheimilinu Þingborg þriðjudagskvöldið 7. júní kl. 20:30. Dagskrá fundarins:

Venjuleg fundarstörf.

Nýir félagar velkomnir.

Kaffikonur: Haft verður samband við þær sem eiga að sjá um kaffi.

Heiti potturinn verður opinn eftir fund.

Stjórnin.

Fréttir frá Krakkaborg

Vorskóli elstu barna leikskólans var frá 5.-11.maí. Börnin tóku þátt í ýmsu starfi með 1.bekk Flóaskóla og fóru meðal annars í tónmennt, textíl, smíði, heimilisfræði, bóklega tíma, frímínútur og fengu að prufa mötuneyti skólans. Börnin voru hæstánægð með vorskólann og þau smíðuðu m.a. skopparakringlur, þæfðu brúður, bökuðu brauð og máluðu myndir svo eitthvað sé nefnt. Börnin hafa farið einu sinni til tvisvar í mánuði í allan vetur í skólaheimsóknir og tekið þátt í ýmsum námsgreinum með 1.bekk ásamt því að fara í frímínútur og hitta fleiri nemendur þar. Þetta er liður í því góða samstarfi sem er á milli skólanna í Flóahreppi og býr börnin enn frekar undir skólagönguna sem hefst næsta haust.

Tígrar og Strumpar fóru í sína árlegu lambaferðir 17. og 18. maí og að þessu sinni var farið til Sóleyjar og Björgvins í Tungu. Þau sýndu okkur m.a. nýfædd lömb, kálfa, kisur og íslenskar hænur og fengu börnin að kíkja eftir eggjum og fengu fullt af eggjum í eggjabakka til að taka með í leikskólann. Matráðurinn okkar hann Jeff sauð eggin svo í síðdegiskaffinu og fengum við þau ofan á brauð. Afskaplega vel heppnaðar ferðir og færum við Björgvini og Sóleyju bestu þakkir fyrir að taka svona vel á móti okkur.

Sumarhátíð leikskólans var haldin með pompi og pragt miðvikudaginn 25.maí. Þar komu fram nemendur Tónlistaskóla Árnassýslu og fluttu nokkur lög. Regnbogakórinn söng nokkur lög, börnin sýndu leik- og söngatriði og elstu börnin voru formlega útskrifuð úr leikskólanum. Útskriftarhópurinn fékk að gjöf ramma með myndum úr leik og starfi í leikskólanum ásamt rós. Að lokum bauð foreldrafélagið upp á veitingar af sinni alkunnu snilld og færum við þeim bestu þakkir fyrir. Mjög vel heppnuð sumarhátíð og þökkum við öllum sem tóku þátt í henni fyrir skemmtilegan dag.

Foreldrakönnun var lögð fyrir nú í maí og var send út rafrænt að þessu sinni. Niðurstöður hennar verða kynntar fljótlega. Myndataka var í lok maí af öllum börnum og starfsfólki en það var Bjarni frá ljósmyndastofunni Mynd í Hafnarfirði sem kom og smellti myndum af öllum og tókst það ljómandi vel. Ekki meira að sinni

Kær kveðja
Karen Viðarsdóttir, leikskólastjóri.

Fermingaguðspjónustur í júní

Villingaholtskirkja, hvítasunnudag, 12. júní, kl. 13:30

Jóann Páll Smárason, Egilsstöðum II

Jón Þór Pálsson, Egilsstöðum II

Hraungerðiskirkja, annan hvítasunnudag, 13. júní, kl: 13:30

Guðrún Inga Helgadóttir, Súluholti

Helga Margrét Höskuldsdóttir, Stóra Ármóti

Fermingarmessa á hvítasunnudag í Gaulverjabæjarkirkju kl. 13.00

Pistillinn

Enn hefur ekki borist pistill frá Ragnari í Langholti. Vill ritstjórn Áveitunnar hvetja Ragnar til að ryðjast fram á ritvöllinn sem fyrst og áður en næsta tölublað kemur út.

Frá Umf. Vöku:

Vinnukvöld í Þjórsárveri

Fimmtudagskvöldið 2. júní n.k. klukkan 20:00 ætlum við að huga að íþróttavellinum okkar við Þjórsárver og gera völlinn snyrtilegan og tilbúinn fyrir æfingar og mót sumarsins. Að ýmsu þarf að huga og eru áhugasamir velkomnir að mæta á svæðið og hjálpa til, því margar hendur vinna létt verk☺ Munið bara eftir að taka með ykkur vinnuvettlinga og nesti.

Fjör í Flóa – takk fyrir okkur

Í tilefni af Fjöri í Flóa um síðustu helgi stóð Umf Vaka fyrir fjölbreyttri dagskrá. Hefðbundin grillsamkoma var á föstudagskvöldið þar sem reiptogskeppnin góða var á sínum stað. Höfðingiarnir Siggí í Hamarskoti og Ágúst á Langstöðum höfðu mannað lið sín hrausti fólki af báðum kynjum. Keppnin var jöfn og spennandi og þurfti þrjár rimmur til að skera úr um sigurvegarann en á endanum var það lið Ágústar sem reyndist hraustara.

Steðjinn góði úr Villingaholti var á sínum stað og reyndu margir að hnika honum til eins og svo oft áður. Í þetta skiptið náðu tveir að lyfta honum frá jörðu en það voru Hlynur Logi í Skálatjörn og Þorvaldur á Litlu-Reykjum.

Um kvöldið hélt ungmennafélagið svo dansleik í Þjórsárveri og var það hljómsveitin Stuðlabandið sem lék fyrir dansi fram á nótt. Fór ballið vel fram og gestir voru um 200 talsins.

Stjórn Umf Vöku vill þakka öllum fyrir komuna og höfðingjunum Sigga og Ágústi, ásamt liðum þeirra, fyrir þátttökuna í reiptoginu. Einnig viljum við þakka þeim sjálfbodaliðum sem unnu við dyravörslu og gæslu á ballinu sérstaklega fyrir góða hjálp.

Stjórn Umf Vöku

Úrslit af mótum

Vormót HSK var haldið þann 22. maí síðastliðinn og var það vígslumót á nýja frásíþróttavelli Umf. Selfoss. Úrslitin okkar manna voru eftirfarandi:

Haraldur Einarsson

100 m hlaup. 1. sæti – 11,9 sek.

400 m hlaup. 1. sæti – 52,41 sek.

Bjarni Már Ólafsson

Þrístökk 1. sæti – 13,33 m.

Spjótkast 4. sæti – 44,43 m.

JJ. mót var haldið þann 25. maí síðastliðinn á Laugardalsvelli. Úrslit keppanda Vöku voru eftirfarandi:

Haraldur Einarsson

100 m hlaup. 4. sæti – 11,59 sek.

300 m hlaup. 2. sæti – 37,21 sek.

17. júní í Félagslund

Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps og Umf. Samhygð standa sameiginlega fyrir dagskrá við Félagslund á þjóðhátíðardaginn 17. júní.

Hátíðarhöldin hefjast kl. 13:00 á því að Umf. Samhygð stendur að vanda fyrir íþróttamóti fyrir börn 14 ára og yngri og fá allir viðurkenningu fyrir þátttöku. Að móti lokni verður farið í ýmsa leiki. Boðið verður upp á andlitsmálun og seldar blöðrur. Einnig verður hoppukastali á staðnum. Kaffisamsæti er síðan í Félagslund að lokinni útidagskrá og er fólk minnt á að taka með sér kökur á kaffiborðið.

Vonandi sjá sem flestir sér fært að koma og eiga gleðilegan þjóðhátíðardag í Félagslund.

Félögin

Frjálsíþróttæfingar

Eins og síðustu 2 sumur verða Samhygð og Vaka með sameiginlegar æfingar við Þjórsárver. Æfingarnar verða á þriðjudagskvöldum og hefst þriðjudaginn 21. júní og standa yfir frá klukkan 19:00 – 20:00. Þjálfari verður Tómas Karl Guðsteinsson. Aldurstakmark á æfingarnar er 6 ára (börn fædd árið 2005) og eldri. Félögin vilja hvetja foreldra til að keyra börnin á æfingar og sameina ferðir. Vonumst til að sjá sem flesta! Samhygð og Vaka.

Tökum að okkur allar gerðir mannvirkja.

Nýsmíði, viðhald, breytingar.

Erum með traktors- og beltagröfu.

Kríutangi ehf

Vorsabæ

Stefán Helgason Húsasmíðameistari

S:893-4933

Trússflutningar á Afrétti Flóa og Skeiða

Stjórn Afréttarmálagæfags Flóa og Skeiða auglýsir eftir áhugasömum aðilum til að taka að sér flutning á kosti í Fjallsafni og Eftirsafni haustið 2011 í Austur- og Vesturleit. Möguleiki á framtíðarráðningu.

Nánari upplýsingar gefur Ingvar í síma 891-9597

Úrslit af Þingborgarmótinu

Við gerð síðustu Áveitu urðu þau mistök að úrslit í langstökki án atr. Hnáta 10 ára og yngri dattu út og birtust ekki. Það er leiðrétt hér með, úrslitin urðu þessi:

1.	Viðja Ágústsdóttir	Baldri	1,90 m
2.	Kolfinna Magnúsdóttir	Baldri	1,84 m
3.	Sigrún Stefánsdóttir	Samhygð	1,69 m
4.	Elisabeth K. Bogans	Vöku	1,59 m
5.	Sunna M. Kjartansdóttir	Skeið	1,40 m
6.	Kolbrún Katla Jónsdóttir	Vöku	1,38 m

Frá Skógræktarfélagi Villingaholtshrepps

Nú er blessað vorið komið (eða þannig) og tími vorverkanna, einhverjar plöntur verða á boðstólum hjá okkur eins og vanalega, þeir félagar sem hyggjast fá plöntur ættu að slá á þráðinn til Þórunnar helst strax að loknum lestri þessarra lína.

Með bestu kveðju f.hönd stjórnar

Þórunn Kr.

Matstofan Árnesi hefur nú hafið göngu sína og er opið frá klukkan 11.30 til 22.00 en til klukkan 01.00 á föstudögum og laugardögum.

Ný bakað brauð til sölu frá klukkan 9.00 alla daga.

Bændamarkaður er opinn alla daga og kökuhlaðborð á sunnudögum
mmm....

Allt fyrir alla

Börn, konur og karla

Matstofan Árnesi

matstofaarnes@simnet.is

Dagskrá mánaðarins

Vorfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps	1. júní
Vinnukvöld við Þjórsárver	2. júní
Grill og útreiðatúr í Einbúa	5. júní
Leikjanámskeið hefst	6. júní
Vorfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps	7. júní
Íþróttahátíð og Héraðsleikar í Þorlákshöfn	11. júní
Fermingarmessa í Villingaholtskirkju	12. júní
Fermingarmessa í Hraungerðiskirkju	13. júní
Hreinsunardagur í Einbúa	14. júní
Íþróttæfing í Einbúa	14. júní
Gönguferð Kvenfélags Hraungerðishrepps	15. júní
Leikjanámskeiði lýkur	16. júní
Þjóðhátíðardagurinn	17. júní
Íþróttæfing í Einbúa	21. júní
Íþróttæfing við Þjórsárver	21. júní
Héraðsmót í frjálsum á Selfossvelli	21.-22. júní
Íþróttæfing í Einbúa	28. júní
Íþróttæfing við Þjórsárver	28. júní



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160